



Til: "Sigurður Ásbjörnsson" <Sigurdur@skipulag.is>
Afrit: skipulag@skipulag.is
Efni: Framleiðsluaukning Arctic Sea Farm í Dýrafirði - frummatsskýrsla-umsögn
Upplýsingar: Sent: 02.08.2018 13:32:51 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018070007, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018070007

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 29. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonna laxeldis í Dýrafirði. Um er að ræða framleiðsluaukningu um 5.800 tonn frá því sem leyfi er fyrir. Í bréfinu eru umsagnaraðilar beðnir um, á grundvelli starfssviðs þeirra, að gera grein fyrir hvort þeir telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, mótvægisáðgerðum og vöktun og hvort þörf er á að kanna tiltekin atriði frekar. Beðist er velvirðingur á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir frummatsskýrsluna og telur að hún í flestum atriðum geri ágætlega grein fyrir framkvæmdinni og áhrifum hennar en telur þó ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir:

Tegundir og umfjöllun um þær

Í upphafi frummatsskýrslunnar virðist framkvæmdin vera kynnt þannig að gert er ráð fyrir að hún eigi bæði við um framleiðslu á regnbogasilungi og laxi, laxfiskum. Skýrslan öll fjallar hins vegar nær eingöngu um lax. Báðar þær tegundir sem framkvæmdin á við flokkast undir framandi tegundir, kynbættur norskur laxastofn og regnbogasilungur, en ekkert er fjallað um t.d. hugsanleg áhrif t.d. á innlendar tegundir urriða og bleikju og búsvæði þeirra ef regnbogasilungur sleppur úr sjókvíum.

Sjálfbær þróun, sjálfbær nýting, afturkræfir atburðir

Á bls. 2 í frummatsskýrslunni segir: „Lykilþáttur í að byggja upp sjálfbært fiskeldi er að hafa til umráða fleiri aðskilin eldissvæði og hvíla svæðin með skipulögðum hætti með svokölluðu kynslóðaskiptu eldi þar sem velferð fiska er höfð í forgangi. Þannig byggir starfsemin sem mest á náttúrulegum ferlum og sjálfbærni.“ Náttúrufræðistofnun verður að viðurkenna að þetta er illskiljanleg framsetning. Í fyrsta lagi eru notaðar framandi tegundir í eldinu sem sýnt hefur verið fram á að geta blandast við villta stofna og haft áhrif á þá og búsvæði þeirra. Að þessu leiti er því ekki hægt að tala um náttúruleg ferli.

Í öðru lagi segir í kafla 8.2 „Saur og fóðurleifar undir kvíunum og næst þeim munu hafa tímabundin neikvæði áhrif á vistkerfið á hafsbotni. Þrátt fyrir markvissa stýringu á nýtingu eldissvæða og hvíld þeirra að lokinni slátrun má búast við að áhrifin verði talsvert neikvæð á staðbundnu svæði, en að þau verði afturkræf.“ Það er ljóst að svæðin sem verða fyrir áhrifum munu aldrei ná sér að fullu nema að starfsemin hætti því gert er ráð fyrir að nota þau aftur eftir hvíld. Það að framkvæmdaaðili meti að áhrifin verði afturkræf hlýtur því aðeins að eiga við ef starfsemin hættir og því hvorki hægt að segja að starfsemin sé sjálfbær að þessu leiti eða að um sé að ræða náttúruleg ferli. Ef reksturinn / starfsemin væri þannig að botndýralíf héldist eðlilegt, meðan á rekstri stæði, væri hægt að tala um sjálfbæran rekstur eða rekstur sem viðhélldi eða kæmi ekki í veg fyrir náttúruleg ferli hvað þennan þátt varðar.

Á bls. 130 segir undir Sjúkdómar: „Sjúkdómasmit frá eldisfiski getur haft bein áhrif á villta laxastofna. Komi til þess að villtur fiskur sýkist af völdum smits frá eldisfiski eru slík áhrif talin afturkræf.“ Eins og víðar í skýrslunni virðist orðið afturkræft vera notað í þeim skilningi að sýkingar eða annað sé ekki verulega alvarlegt því um sé að ræða afturkræfan atburð. Þetta er alls ekki rétt. Sýking sem hefur átt sér stað er ekki sem slík afturkræf heldur getur t.d. villtur

laxastofn, sem hefur sýkst, hugsanlega náð sér þó það geti tekið mörg ár. Það sem t.d. tapaðist á þeim tíma sem tiltekinn villtur laxastofn hugsanlega hrundi, jafnvel yfir langt árábil, er ekki afturkræft og ef sýking hefur verið verulega slæm gætu ýmsir erfðaeiginleikar tiltekens laxastofns hafa tapast að fullu. Slíkur atburður getur því verið mjög alvarlegur fyrir náttúru landsins en einnig fyrir þá sem telja sig verða fyrir fjárhagslegu tjóni en í báðum tilfellum er það ekki framkvæmdaraðilinn sem verður fyrir tjóninu.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að gera þá kröfu til framkvæmdaraðila að færð sé rök byggð á gögnum fyrir fullyrðingum um að rekstur eða framkvæmd sé t.d. í samræmi við sjálfbæra þróun, samninginn um lífræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu o.s.frv. og á þetta einnig við um í hvaða tilfellum er hægt að fullyrða að eitthvað sé afturkræft.

Fóður og sjálfbær nýting

Í athugasemdum við matsáætlun þessarar framkvæmdar gerði Náttúrufræðistofnun eftirfarandi athugasemd: „Í kafla 2.5 um fóður er talað um umhverfisvænt fóður sem inniheldur eingöngu náttúruleg efni og síðan er að finna upplýsingar um magn efnaflokkanna í hverju tonni s.s. prótein, fita o.s.frv. Náttúrufræðistofnun telur að ef telja á fóður umhverfisvænt þurfi að gera mun betur grein fyrir uppruna þeirra náttúrulegu efna sem fóðrið samanstendur af. T.d. ef hluti fóðursins er fiskimjöl þá þarf að gera grein fyrir uppruna þess og t.d. hvort þar sé um að ræða sjálfbæra nýtingu." Náttúrufræðistofnun getur ekki séð að frummatsskýrslan hafi gert grein fyrir framangreindu, t.d. hver er uppruni fóðursins meðal annars m.t.t. athugasemda um sjálfbæran rekstur hér að framan.

Áætlanir, stefnumarkningar

Í kafla 4.3.2 er fjallað um aðrar áætlanir s.s. stefnumörkun um sjálfbæra þróun, Velferð til framtíðar og stefnumörkun um framkvæmd samningsins um lífræðilega fjölbreytni. Síðan segir á bls. 39 í lok kaflans: „Í heildina er ekki ósamræmi í milli fyrirhugaðs fiskeldis Arctic Sea Farms og þeirra áætlana sem fjallað er um hér að framan." Þetta er ekki rökstutt frekar. Er það t.d. í samræmi við stefnumörkun um framkvæmd samningsins um lífræðilega fjölbreytni að nota framandi tegundir í fiskeldi, tegundir sem geta valdið skaða á villtum laxastofnum?

Viðmið

Á nokkrum stöðum í frummatsskýrslunni er bent á að það vanti viðmið. Í kafla 5.2.2.4 segir: „Hérlendis hafa eftirlitsstofnanir ekki sett fram viðmiðanir varðandi ásættanlegt lífrænt álag." Í kafla 5.4.1.2 segir: „Viðmið um smit frá eldisfiski í villta fiska er ekki þekkt. Hindra þarf smit á eldisfiski með fyrirbyggjandi aðgerðum og tryggja að smit berist ekki frá eldisvæðum." Í kafla 5.4.2.2 segir: „Ekki hafa verið sett opinber viðmið hér á landi um lúsasmit á eldislaxi eða regnbogasilungi. Viðmið fyrir lúsasmit hjá villtum laxfiskastofnum liggur ekki heldur fyrir hérlendis." Hér er greinilega verk að vinna fyrir þá aðila sem koma að málinu og eðlilegt að svona upplýsingar eða viðmið liggi fyrir áður en ákvarðanir eru teknar. Allir þessir þættir, lífrænt álag, smit frá eldisfiski (fisksjúkdómar) og lúsasmit geta haft áhrif á villta náttúru og vöktun og mótvægisáðgerðir hljóta að taka mið af þeim viðmiðum sem sett eru fyrir hvern þeirra.

Fuglalíf

Í frummatsskýrslunni er sáralítill umfjöllun um fuglalíf. Í kafla 2.1.5 er rétt tæpt á að framkvæmdar hafa verið kannanir á fuglalífi á Vestfjörðum og vísað í skýrslur Náttúrustofu Vestfjarða. Minnst er á æðavarp og nokkrar tegundir sem finna má á svæðinu taldar upp og síðan vísað til umfjöllunar í 5. kafla. Í kafla 5.7.1.4 sem ber heitið „Fuglaskoðun" er síðan rétt aðeins fjallað um vetrafuglatalningar og almennt ályktað um áhrif fæðu sem fellur til utan kvíanna. Í raun er í frummatsskýrslunni lítil sem engin greining á því hvaða fuglar halda til á þeim hafsvæðum þar sem sjókvíarnar verða né góður rökstuðningur fyrir því hvort áhrifin verða mikil, lítil eða jafnvel engin. Í frummatsskýrslunni er ekki gert ráð fyrir vöktun á fuglalífi. Eins og kemur fram í skýrslunni er Dýrafjörður frekar grunnur fjörður og því t.d. spurning hvort líklegra sé þar, en t.d. í dýpri fjörðum, að staðsetning kvía og rask á botndýralífi hafi áhrif á tilteknar fuglategundir og þá

einnig m.t.t staðsetningar. Hvað með lyf sem eru notuð í fiskeldinu, geta þau haft áhrif á fugla vegna fæðu sem fellur til? Að mati Náttúrufræðistofnunar er umfjöllun um fuglalíf ekki ásættanleg hvort sem áhrif framkvæmdarinnar eru talin óveruleg eða ekki og þá má telja eðlilegt að fuglalíf sé vaktað til frambúðar, innan „eðlilegra" marka, til að hafa upplýsingar samspil fuglalífs og fiskeldis.

Erfðablöndun

Í frummatsskýrslunni í kafla 5.4.3 er ágætlega fjallað um mögulega erfðablöndun milli villtra laxastofna og kynbættis laxs af norskum uppruna sem notaður er í fiskeldinu. Í stuttu máli er það mat framkvæmdaraðila að áhrifin verði óveruleg. Hér er fyrst og fremst vísað til þess að ekki hafi verið sýnt fram á með rannsóknum að áhrifin verði mikil, ekki sé líklegt að fiskur sem sleppi fari á önnur svæði utan Vestfjarða þar sem mikið er um villtan lax og ef það gerist þá verði aðeins um lítið magn að ræða. Og jafnframt að ef af erfðablöndun verður þá sé líklegt að breytingar sem verða í villtum laxastofnum hverfi með tímanum. Einnig er vísað í áhættumat Hafrannsóknastofnunar.

Vissulega er rétt að betra er að hafa fiskeldi, þar sem notaður er frjór norskur kynbættur lax, fjarri helstu laxám landsins en það er hins vegar engin trygging fyrir því, þegar um er að ræða lax, að erfðablöndun geti ekki átt sér stað víða um landið. Náttúrufræðistofnun telur að ekki sé hægt að vísa í skort á rannsóknum á áhrifum erfðablöndunar til að mæla með notkun á kynbættum norskum lax þvert á móti á það að gefa tilefni til þess að fara með enn meiri gætni þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að erfðablöndun eigi sér stað. Í þessu sambandi má m.a. benda á 9. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og samninginn um vernd líffræðilega fjölbreytni (sjá m.a. <https://www.althingi.is/altext/141/s/0537.html> , <https://www.cbd.int/marine/precautionary.shtml> , <https://www.cbd.int/doc/ref/rio-declaration.shtml>). Til að gæta fyllstu varúðar væri því réttara að stunda laxeldi í sjó með ófrjóum laxi eða laxeldi í lokuðum kerfum.

Laxeldisfyrirtæki hafa bent á að Erfðanefnd landbúnaðarins leggist ekki gegn notkun á norskum kynbættum laxastofn. Á bls. 76 í frummatsskýrslunni segir: „Erfðanefnd landbúnaðarins héraendis leggst ekki gegn notkun á laxi af norskum uppruna í kvíaelði við strendur Íslands. Hins vegar telur nefndin mikilvægt að hafin verði rannsókn og vöktun á mögulegri erfðablöndun frá strokulaxi." Þessi fullyrðing er einfaldlega ekki rétt og hefur Náttúrufræðistofnun áður leiðrétt þennan misskilning. Í júní á síðasta ári sendi nefndin frá sér fréttatilkynningu þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

„Með hliðsjón af almennri stöðu þekkingar um áhrif eldislaxa á villta laxastofna (Glover o.fl. 2017) og varúðarreglu náttúruverndarlaga (9. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) leggst nefndin gegn notkun á frjóum, norskum eldislaxi í sjókvíaelði við Íslandsstrendur. Nefndin telur að eldi á frjóum laxi í sjókvíum geti valdið óafturkræfum breytingum á erfðasamsetningu íslenskra laxastofna með ófyrirséðum afleiðingum. Þessi stefna samrýmist ekki markmiðum laga um fiskeldi (1. gr. nr. 71/2008 með síðari breytingum), laga um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þ.m.t. þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir." Jafnframt segir: „Nefndin ráðleggur stjórnvöldum að stöðva útgáfu leyfa til laxeldis í sjókvíum a.m.k. þar til nánari þekkingar hefur verið aflað á umhverfisáhrifum núverandi eldis í sjó að meðtöldu því sem þegar hefur verið leyft. Forgangaðgerðir í þessu skyni eru vöktun á hlutdeild eldislaxa í laxám á og við fiskeldissvæði ásamt vöktun á erfðablöndun. Áréttað skal að erfðanefndin leggst ekki gegn fiskeldi svo framarlega sem það sé gert á þann hátt að það ógni ekki erfðaauðlindum á borð við villta íslenska laxastofna. Eldisfiskur er mikilvæg uppspretta fæðu á heimsvísu og getur komið í stað veiða á villtum tegundum sem er jákvætt fyrir erfðafjölbreytni almennt. Nefndin hvetur til rannsókna á notkun ófrjórna eldislaxa og eldistækni sem kemur í veg fyrir slysasleppingar, t.d. landeldis í endurnýtingarkerfum." Sjá

fréttatilkynninguna í heild sinni hér:

<https://www.agrogen.is/news/erfdanefnd-landbunadarins-telur-ad-aaetlanir-um-storaukid-laxeldi-i-sjokvium-hafi-ofyrisedar-afleidingar-og-radleggur-stodvun-a-utgafu-leyfa/>

Náttúrufræðistofnun á sæti í Erfðanefnd Landbúnaðarins og tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í framangreindri fréttatilkynningu.

Að öðru leiti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfyllst,



Erf.Landb-frettatilkynning-juni-2017.docx

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

